

Ákvörðun Einkaleyfastofu

í andmælamáli

nr. 8/1999

Jómfrúin ehf.

gegn

Skífan hf.

Málsatvik:

Þann 2. september 1996 lagði Skífan hf. inn umsókn um skráningu á vörumerkinu MEGABÚÐ (orðmerki). Umsóknin fékk númerið 1042/1996. Óskað var skráningar fyrir vörur í flokkum nr. 9, 15, 41 og 42.

Merkið var birt í ELS-tíðindum þann 20. febrúar 1997.

Með bréfi, dags. 19. mars 1997, andmælti Helgi S. Hermannsson fyrir hönd Virgin Retail Europe og Jómfrúnnar ehf., skráningu merkisins. Andmælin byggjast á ruglingshættu við vörumerki andmælanda, MEGASTORE.

Andmælanda var veittur frestur til 24. júní 1997 til að skila inn skriflegri greinargerð. Frekari gögn bárust ekki frá andmælanda, og var umsækjanda þá veittur frestur til 10. nóvember 1997 til að skila inn skriflegri greinargerð. Ekki bárust frekari gögn frá umsækjanda.

Málsástæður og lagarök

Andmælandi andmælti skráningu vörumerkis umsækjanda, MEGABÚÐ, á grundvelli notkunar andmælanda á nafninu MEGASTORE á verslunum sínum um allan heim, þar á meðal á Íslandi.

Engar athugasemdir bárust frá umsækjanda.

Niðurstaða

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins MEGABÚÐ (orðmerki) samkvæmt umsókn nr. 1042/1996 fyrir vörur í flokkum nr. 9, 15, 41 og 42. Andmælin byggjast á ruglingshættu við vörumerki andmælanda, MEGASTORE.

Andmælandi byggir andmæli sín á grundvelli notkunar vörumerkisins MEGASTORE. Telja ber að sá er byggir vörumerkjarétt á notkun beri sönnunarbyrðina fyrir því. Andmælandi lagði ekki fram upplýsingar eða gögn um notkun merkisins, hvorki hér á landi né erlendis. Þá er ekki að finna í fyrirtækjaskrá, né öðrum opinberum skráum hér á landi heitið MEGASTORE. Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um notkun merkisins MEGASTORE, hvorki hér á landi né erlendis verður að líta svo á að andmælandi hafi ekki sýnt fram á betri rétt sinn.

Með vísan til framangreinds er skráning vörumerkisins MEGABÚÐ (orðmerki) skv. umsókn nr. 1042/1996 heimiluð.

Ákvörðunarorð.

Skráning merkisins MEGABÚÐ (orðmerki) samkvæmt umsókn nr. 1042/1996 er heimiluð.

Reykjavík 10. maí 1999,

Ragnheiður M. Ólafsdóttir, lögfr.